

REGLUGERÐ

um leyfi til farþegaflutninga með skipum.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir innan íslenskrar lögsögu um öll íslensk skip sem flytja farþega í atvinnuskyni, á sjó, ám eða vötnum án tillits til stærðar. Undir farþegaflutninga í atvinnuskyni falla meðal annars skoðunar- og veiðiferðir með ferðamenn á skipum í atvinnuskyni.

Lög um eftirlit með skipum og reglugerð þessi gilda ennfremur um öll skip sem skráð eru á erlenda skipaskrá og flytja farþega í atvinnuskyni í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu, á ám eða á vötnum. Farþegaskip undanskildum sem skipum falla undir alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og erlend farþegaskip sem falla undir tilskipun 2009/45/EB um öryggi farþegaskipa í farþegaflutningum innanlandssigligum milli og landsæta hafnarrikiseftirliti samkvæmt reglugerð um hafnarrikiseftirlit, eru undanskilin þessari reglugerð.

Með hugtakinu farþegi er í reglugerð þessari átt við hvern mann, eins árs að aldri eða eldri, sem er á skipi og er ekki skipverji.

2. gr.

Siglingastofnun Íslands Samgöngustofa ákveður leyfilegan hámarksfjölda farþega á skipi.

Skip í farþegaflutningum skal búið sætum þannig að allir farþegar geti setið samtímis í lokuðum vistarverum skipsins. Í skipum sem aðeins eru í ferðum sem taka að jafnaði innan við 4 klst. er þó heimilt að hafa sæti fyrir farþega í opnu rými. Sæti skulu vera minnst 0,5 m breið með minnst 0,9 m hæð ofan við sæti og minnst 0,75 m rými fyrir fætur, mælt fram frá sætisbaki.

Handrið eða skjólborðsklæðning við þilfar sem ætlað er farþegum, skulu ekki vera lægri en 1,0 m og þannig að ekki sé auðvelt að klifra yfir þau.

Um borð í skipi sem flytur 14 farþega eða færri skal vera salerni. Um borð í skipi sem flytur 15 - 50 farþega skulu vera minnst tvö salerni. Um borð í skipi sem flytur fleiri en 50 farþega skal vera eitt salerni fyrir hverja 25 farþega. Siglingastofnun Íslands Samgöngustofa er þó heimilt að ákveða að um borð í skipum sem aðeins eru í ferðum sem taka að jafnaði skemmri tíma en 4 klst. verði færri salerni, enda sé hreinlætisaðstaða á hverjum viðkomustað skipsins. Salerni skulu vera í sérstökum klefa með læsanlegri hurð. Salernin skulu vera lýst og loftræst. Á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli.

Siglingastofnun Samgöngustofa getur vikið frá ákvæðum þessarar greinar þegar sérstaklega stendur á.

3. gr.

Farþegaflutningar í atvinnuskyni með skipum sem reglugerð þessi gildir um eru háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands Samgöngustofunar. Skal slíkt leyfi aldrei gefið út til lengri tíma en eins árs í senn.

Útgáfa leyfis til farþegaflutninga skv. 1. mgr. er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að framkvæmd hafi verið skoðun á skipinu í samræmi við lög um eftirlit með skipum.

2. Að skoðun skv. 1. tl. hafi leitt í ljós að fullnægt er ákvæðum laga um eftirlit með skipum og reglum settum skv. þeim sem um skipið gilda. Siglingastofnun Samgöngustofa Íslands getur veitt undanþágu frá kröfum sem gerðar eru til skipa að því marki sem heimilt er óheimilt í viðeigandi reglum. Slík undanþága verður aðeins veitt hafi eigandi skips eða útgerðarmaður sýnt fram á með áhættumati, prófunum eða öðru að búnaður, efni, tæki, verklagsreglur eða annað, tryggi að minnsta kosti jafngilt öryggisstig og viðeigandi kröfum er veita ætlað undanþágu að eða frest til úrbóta vegna öryggisatriða sem áfátt er tryggja.

3. Að Siglingastofnun Íslands Samgöngustofa hafi samþykkt neyðaráætlun fyrir skipið sem komið verði fyrir á einum eða fleiri áberandi stöðum um borð. Á neyðaráætluninni skulu koma fram verkefni og skyldur sérhvers skipverja þegar neyðartilvik kemur upp.

4. Að Siglingastofnun Íslands Samgöngustofa hafi samþykkt teikningu af fyrirkomulagi öryggisbúnaðar skipsins sem komið verði fyrir á einum eða fleiri áberandi stöðum um borð.

5. Að ~~Siglingastofnun Íslands~~ Samgöngustofa hafi gefið út skrifleg fyrirmæli um fjölda í áhöfn skipsins sem ákveðinn er með hliðsjón af gerð skipsins, fyrirkomulagi þess og búnaði, svo og farsviði þess og útivist, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi farþega, skipverja og skips. Um íslensk farþega- og kaupskip í millilandasiglingum gilda ákvæði laga um áhafnir íslenskra ~~kaupskipa~~ farþegaskipa og flutningaskipa nr. 59 76/1995. 2001, með síðari breytingum

6. Að eigandi skips eða skipstjóri hafi afhent ~~Siglingastofnun Íslands~~ Samgöngustofu skilríki um að keypt hafi verið váttrygging hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni á farþegum og farangri, sbr. V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 með síðari breytingum. Váttryggingin skal einnig ná til barna sem eru yngri en eins árs og eru um borð með einhverjum farþega.

7. Að ~~Siglingastofnun Íslands~~ Samgöngustofa hafi samþykkt áætlun um öryggisfræðslu fyrir farþega. ~~Siglingastofnun Íslands~~ Samgöngustofu er jafnframt heimilt að setja önnur sérstök skilyrði fyrir útgáfu leyfisins í því skyni að auka öryggi skipsins, skipverja og farþega. Slík skilyrði skulu kynnt eiganda skipsins með skriflegum og rökstuddum hætti.

4. gr.

~~Siglingastofnun Íslands~~ Samgöngustofa gefur út leyfisskírteini til farþegaflutninga þegar sýnt hefur verið fram á að fullnægt er skilyrðum 3. gr. Heimilt er að hafa leyfisskírteinið á haffærisskírteini skipsins. Brot á skilyrðum leyfisins jafngilda broti á skilyrðum haffærisskírteinsins.

Eftirfarandi skal koma fram á leyfisskírteininu:

1. Gildistími leyfisins.
2. Leyfilegur hámarksfjöldi farþega.
3. Farsvið sem leyfið nær til.
4. Hámarkstímalengd hverrar ferðar.
5. Mönnun skipsins skv. fyrirmælum ~~Siglingastofnunar Íslands~~ Samgöngustofu.
6. Heiti tryggingafélags, sbr. 6. tl. 2. mgr. 3. gr.

Leyfisskírteininu eða staðfestu afriti af því skal komið fyrir á áberandi stað um borð í skipinu þannig að það sé sýnilegt farþegum.

5. gr.

Skilmálar váttryggingar skv. þessari reglugerð skulu kynntir samgönguráðuneyti, ~~Siglingastofnun Íslands~~ Samgöngustofu og Váttryggingaefirliti áður en váttrygging er boðin farsölum eða flutningsaðilum.

Falli váttrygging skv. 6. tl. 2. mgr. 3. gr. úr gildi áður en gildistími leyfisskírteinisins rennur út skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingataka og ~~Siglingastofnun Íslands~~ Samgöngustofu þegar í stað. Þótt váttryggingin sé þannig úr gildi fallin ber félagið ábyrgð gagnvart þriðja manni á tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að váttryggingafélagið tilkynnti váttryggingataka og ~~Siglingastofnun~~ Samgöngustofa um að váttryggingin væri úr gildi fallin, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin. Renni leyfisskírteinið út innan fjögurra vikna frestsins ber félagið þó einungis ábyrgð til þess tíma.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 29. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993, með síðari breytingum og siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. ágúst 1998.

- Samgönguráðuneytinu, 27. júlí 1998. -

- Halldór Blöndal. -

- Ragnhildur Hjaltadóttir -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.